Síminn

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 30. september 2022

**Síminn hf.**
**Ármúla 25**
**108 Reykjavík**
**Kt. 460207-0880**

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Eiginfjáryfirlit | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Skýringar | 7 - 13 |
| Ársfjórðungsyfirlit | 14 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 37.597 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 4.559 m.kr. á sama tímabili 2021. Hagnaður af áframhaldandi starfsemi nam 1.681 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.425 m.kr. á sama tímabili 2021. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september voru 18.339 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 18.079 m.kr. á sama tímabili árið 2021. Eignir félagsins í lok tímabils námu 81.491 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 65.480 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 80,4%.

Í október 2021 undirrituðu Síminn hf. og Ardian France SA skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Mílu ehf. til Ardian France SA. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok september 2022 og er kaupverðið að fullu greitt með handbæru fé að fjárhæð 32,7 ma.kr. og skuldabréfi að fjárhæð 17,5 ma.kr. Virði viðskiptanna (e. Enterprise value) var 69,5 ma.kr. að meðtöldum fjárhagslegum skuldbindingum Mílu ehf. sem kaupandinn yfirtók. Söluhagnaður nam 37,8 ma.kr. Sjá nánar í skýringu 13.

Á aðalfundi Símans hf. þann 10. mars 2022 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Lækkun vegna eigin hluta nam 240 m.kr. að nafnvirði, hlutafé lækkaði því úr 7.540 m.kr. í 7.300 m.kr. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 730 m.kr. að nafnverði og tillaga um arð að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í apríl. Í samræmi við ofangreinda heimild aðalfundar hafa verið keypt eigin bréf að nafnverði 163 m.kr. fyrir 1.912 m.kr. Áður höfðu verið keypt eigin bréf að nafnvirði 256 m.kr. fyrir 2.967 m.kr. að markaðsverði byggt á heimild aðalfundar 2021, þar af 64 m.kr. að nafnverði fyrir 784 m.kr. að markaðsverði á árinu 2022. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Fyrir liggur tillaga stjórnar til hluthafafundar sem haldinn verður 26. október 2022 um að lækka hlutafé úr 7,3 ma.kr. í 4,4 ma.kr. að nafnverði með greiðslu til hluthafa að fjárhæð 31,5 ma.kr. Vegna stöðu eigin bréfa Símans hf. renna 30,5 ma.kr. til annarra hluthafa.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. september 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. október 2022

**Stjórn**

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

**Forstjóri**

Orri Hauksson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. september 2022

| | Skýr. | **2022** **1.7.-30.9.** | **2021*** **1.7.-30.9.** | **2022** **1.1.-30.9.** | **2021*** **1.1.-30.9.** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 5 | 6.016 | 6.004 | 17.871 | 17.730 |
| Kostnaðarverð sölu | 6 | ( 3.681) | ( 3.766) | ( 11.040) | ( 11.241) |
| **Framlegð** | | 2.335 | 2.238 | 6.831 | 6.489 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 194 | 120 | 468 | 349 |
| Rekstrarkostnaður | 7 | ( 1.543) | ( 1.518) | ( 5.057) | ( 4.951) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 986 | 840 | 2.242 | 1.887 |
| Fjármunatekjur | | 97 | 75 | 387 | 301 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 165) | ( 75) | ( 530) | ( 365) |
| Gengismunur | | ( 16) | 29 | ( 14) | ( 37) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 84) | 29 | ( 157) | ( 101) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 902 | 869 | 2.085 | 1.786 |
| Reiknaðir skattar | | ( 184) | ( 162) | ( 404) | ( 361) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins** | | 718 | 707 | 1.681 | 1.425 |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | 13 | 35.628 | 350 | 35.916 | 3.134 |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 36.346 | 1.057 | 37.597 | 4.559 |
| EBITDA | | 1.790 | 1.627 | 4.516 | 4.219 |

## Hagnaður á hlut

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Grunnhagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi | 0,10 | 0,09 | 0,23 | 0,18 |
| Þynntur hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi | 0,10 | 0,09 | 0,23 | 0,18 |
| Grunnhagnaður á hlut af aflagðri starfsemi | 4,96 | 0,05 | 5,00 | 0,40 |

*Fjárhæðum vegna 2021 hefur verið breytt vegna sölu á Mílu ehf., sjá skýringu 13.
Skýringar á blaðsíðum 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. september 2022

| | Skýr. | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.312 | 2.219 |
| Leigueignir | | 997 | 753 |
| Óefnislegar eignir | | 21.870 | 19.403 |
| Skuldabréfaeign | | 16.069 | 0 |
| Aðrar eignir | 9 | 547 | 675 |
| Fastafjármunir | | 41.795 | 23.050 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 1.215 | 923 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 2.351 | 2.234 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 2.278 | 3.082 |
| Handbært fé | | 33.852 | 3.509 |
| Eignir flokkaðar til sölu | 13 | 0 | 36.929 |
| Veltufjármunir | | 39.696 | 46.677 |
| **Eignir samtals** | | 81.491 | 69.727 |

| | Skýr. | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 7.086 | 7.314 |
| Yfirverðsreikningur | | 810 | 3.278 |
| Annað eigið fé | | 154 | 154 |
| Annað bundið eigið fé | | 593 | 2.020 |
| Óráðstafað eigið fé | | 56.837 | 18.313 |
| Eigið fé | | 65.480 | 31.079 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | | 5.953 | 5.943 |
| Leiguskuldbindingar | | 786 | 653 |
| Viðskiptaskuldir | | 585 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 14 | 485 | 604 |
| Langtímaskuldir | | 7.809 | 7.200 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímalán | | 332 | 1.518 |
| Viðskiptaskuldir | 15 | 5.714 | 2.141 |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga | | 248 | 180 |
| Skattar til greiðslu | | 859 | 894 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 1.049 | 889 |
| Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu | 13 | 0 | 25.826 |
| Skammtímaskuldir | | 8.202 | 31.448 |
| Skuldir samtals | | 16.011 | 38.648 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 81.491 | 69.727 |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2022

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2021 | 8.483 | 13.041 | 154 | 674 | 14.946 | 37.298 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 4.559 | 4.559 |
| Greiddur arður (0,060 á hlut) | | | | | ( 500) | ( 500) |
| Hlutafjárlækkun | ( 890) | ( 7.077) | | | | ( 7.967) |
| Keypt eigin bréf | ( 206) | ( 1.883) | | | | ( 2.089) |
| Fært á bundið eigið fé | | | | 1.071 | ( 1.071) | 0 |
| Eigið fé 30.9.2021 | 7.387 | 4.081 | 154 | 1.745 | 17.934 | 31.301 |
| | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2022 | 7.314 | 3.278 | 154 | 2.020 | 18.313 | 31.079 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 37.597 | 37.597 |
| Greiddur arður (0,069 á hlut) | | | | | ( 500) | ( 500) |
| Keypt eigin bréf | ( 228) | ( 2.468) | | | | ( 2.696) |
| Fært af bundnu eigin fé | | | | ( 1.427) | 1.427 | 0 |
| Eigið fé 30.9.2022 | 7.086 | 810 | 154 | 593 | 56.837 | 65.480 |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2022

| | Skýr. | 2022 1.7.-30.9. | 2021* 1.7.-30.9. | 2022 1.1.-30.9. | 2021* 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 986 | 840 | 2.242 | 1.887 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | | 804 | 787 | 2.274 | 2.332 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | ( 52) | 0 | ( 56) | ( 1) |
| | | 1.738 | 1.627 | 4.460 | 4.218 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 62 | ( 61) | ( 231) | ( 18) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 946 | ( 204) | 952 | 256 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun | | 170 | 82 | 938 | 1.020 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 1.178 | ( 183) | 1.659 | 1.258 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.916 | 1.444 | 6.119 | 5.476 |
| Innborgaðir vextir | | 95 | 60 | 274 | 293 |
| Greiddir vextir | | ( 127) | ( 74) | ( 482) | ( 376) |
| Greiddir skattar | | ( 209) | ( 147) | ( 557) | ( 586) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.675 | 1.283 | 5.354 | 4.807 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 196) | ( 136) | ( 573) | ( 634) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 1.758) | ( 130) | ( 2.515) | ( 961) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 1 | 1 | 5 | 7.693 |
| Útlán, breyting | | ( 79) | ( 351) | ( 248) | ( 612) |
| Greiðsla á láni og lækkun hlutafjár dótturfélags | | 0 | 12.000 | 0 | 12.000 |
| Áhrif af aflagðri starfsemi | | 0 | ( 10) | 0 | 435 |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé | | 32.713 | 248 | 32.713 | 2.577 |
| Sala á félagi | | 0 | 0 | 152 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 30.681 | 11.622 | 29.534 | 20.498 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Greiddur arður | | 0 | 0 | ( 500) | ( 500) |
| Kaup eigin bréfa | | ( 805) | ( 892) | ( 2.696) | ( 2.088) |
| Útgreitt hlutafé | | 0 | 0 | 0 | ( 7.968) |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 0 | 0 | 6.000 |
| Afborganir langtímalána | | 0 | 0 | 0 | ( 15.429) |
| Afborganir leiguskuldbindinga | | ( 62) | ( 44) | ( 155) | ( 129) |
| Skammtímalán, breyting | | 0 | 0 | ( 1.186) | 1.018 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 867) | ( 936) | ( 4.537) | ( 19.096) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 32.489 | 11.969 | 30.351 | 6.209 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 2) | 20 | ( 8) | 8 |
| **Handbært fé í byrjun tímabilsins** | | 1.365 | ( 5.037) | 3.509 | 735 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 33.852 | 6.952 | 33.852 | 6.952 |
| **Fjárfestingarheyfingar án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Sala á Mílu ehf. | | 16.069 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldabréf | | ( 16.069) | 0 | 0 | 0 |

*Fjárhæðum vegna 2021 hefur verið breytt vegna sölu á Mílu ehf., sjá skýringu 13.

Skýringar á blaðsíðum 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins" og til einstakra félaga sem „dótturfélaga". Dótturfélög Símans hf. eru Síminn Pay ehf. og Radíómiðun ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

**Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www. siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 25. október 2022.

**Grundvöllur matsaðferða**

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

**Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill**

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

**Mat og ákvarðanir**

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2021.

# Skýringar

### 4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

| Starfsþáttur | Lýsing |
|---|---|
| Farsímaþjónusta: ............................... | Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. |
| Talsímaþjónusta: ............................... | Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. |
| Gagnaflutningur: ............................... | Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnet. |
| Sjónvarpsþjónusta: ............................ | Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. |
| Vörusala búnaðar: .............................. | Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. |
| Annað: ............................................... | Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum. |

| **Starfsþættir 2022** | **Farsíma-þjónusta** | **Talsíma-þjónusta** | **Gagna-flutningur** | **Sjónvarps-þjónusta** | **Vörusala búnaðar** | **Annað** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ................................... | 4.500 | 1.063 | 5.651 | 4.948 | 1.359 | 818 | 18.339 |
| Óskipt rekstrargjöld .......... | | | | | | | ( 13.823) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .......... | | | | | | | 4.516 |
| Afskriftir .......... | | | | | | | ( 2.274) |
| Hrein fjármagnsgjöld .......... | | | | | | | ( 157) |
| Reiknaðir skattar .......... | | | | | | | ( 404) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .......... | | | | | | | 1.681 |
| Aflögð starfsemi .......... | | | | | | | 35.916 |
| **Hagnaður tímabilsins ..........** | | | | | | | 37.597 |
| **Fjárfestingar ..........** | | | | | | | ( 3.083) |
| **Óskiptar eignir 30.9.2022 ..........** | | | | | | | 81.491 |
| **Óskiptar skuldir 30.9.2022 ..........** | | | | | | | 16.011 |

| **Starfsþættir 2021** | **Farsíma-þjónusta** | **Talsíma-þjónusta** | **Gagna-flutningur** | **Sjónvarps-þjónusta** | **Vörusala búnaðar** | **Annað** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ................................... | 4.146 | 1.200 | 5.517 | 4.739 | 1.512 | 965 | 18.079 |
| Óskipt rekstrargjöld .......... | | | | | | | ( 13.860) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .......... | | | | | | | 4.219 |
| Afskriftir .......... | | | | | | | ( 2.332) |
| Hrein fjármagnsgjöld .......... | | | | | | | ( 101) |
| Reiknaðir skattar .......... | | | | | | | ( 361) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .......... | | | | | | | 1.425 |
| Aflögð starfsemi .......... | | | | | | | 3.134 |
| **Hagnaður tímabilsins ..........** | | | | | | | 4.559 |
| **Fjárfestingar ..........** | | | | | | | 6.098 |
| **Óskiptar eignir 30.9.2021 ..........** | | | | | | | 69.485 |
| **Óskiptar skuldir 30.9.2021 ..........** | | | | | | | 38.184 |

## 5. Sala

| Seld þjónusta og vörur greinast þannig: | 2022 1.1.-30.9. | 2021 1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Sala á þjónustu | 16.331 | 15.979 |
| Vörusala | 1.540 | 1.751 |
| | 17.871 | 17.730 |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 614 | 541 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 6.881 | 6.943 |
| Samtengigjöld | 557 | 497 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 1.419 | 1.589 |
| Eignfærð vinna | ( 142) | ( 147) |
| Afskriftir | 1.711 | 1.818 |
| | 11.040 | 11.241 |

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.360 | 2.294 |
| Markaðs- og sölukostnaður | 407 | 396 |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður | 343 | 414 |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 822 | 775 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 562 | 557 |
| Afskriftir | 563 | 515 |
| | 5.057 | 4.951 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | | |
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum | 272 | 298 |
| Söluhagnaður af eignarhlutum | 113 | 0 |
| Fenginn arður | 2 | 3 |
| | 387 | 301 |
| **Fjármagnsgjöld** | | |
| Vaxtagjöld | ( 282) | ( 218) |
| Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga | ( 33) | ( 34) |
| Niðurfærsla lána | ( 42) | ( 22) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 173) | ( 91) |
| | ( 530) | ( 365) |
| | | |
| Gengismunur | ( 14) | ( 37) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 157) | ( 101) |

## 9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

| | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Fjárfesting í öðrum félögum | 38 | 47 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 175 | 237 |
| Útlán | 334 | 391 |
| Aðrar eignir samtals | 547 | 675 |

## 10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir | 544 | 369 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 671 | 554 |
| Birgðir samtals | 1.215 | 923 |

## 11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.431 | 2.341 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 80) | ( 107) |
| Viðskiptakröfur samtals | 2.351 | 2.234 |

## 12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.009 | 2.210 |
| Aðrar skammtímakröfur | 186 | 49 |
| Útlán | 1.083 | 823 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 2.278 | 3.082 |

## 13. Sala á dótturfélagi

Í október 2021 undirrituðu Síminn hf. og Ardian France SA skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Mílu ehf. til Ardian France SA. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok september 2022 og er kaupverðið að fullu greitt með handbæru fé að fjárhæð 32,7 ma.kr. og skuldabréfi að fjárhæð 17,5 ma.kr. Virði viðskiptanna (e. Enterprise value) var 69,5 ma.kr. að meðtöldum fjárhagslegum skuldbindingum Mílu ehf. sem kaupandinn yfirtók. Söluhagnaður að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna nam 37,8 ma.kr. Gerður var langtíma heildsölusamningur um kaup Símans hf. á þjónustu Mílu ehf.

Rekstur Mílu ehf. er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Samanburðartölum 2021 hefur verið breytt til samræmis.

# Skýringar

## 13. Sala á dótturfélagi, frh.:

| Áhrif Mílu ehf. á tímabilinu er eftirfarandi: | 2022<br>1.1.-30.9. | 2021<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Ytri tekjur Mílu | 1.324 | 1.331 |
| Sala til Mílu | ( 188) | ( 269) |
| Samtals áhrif á tekjur | 1.136 | 1.062 |
| | | |
| Ytri gjöld Mílu | ( 5.719) | ( 4.836) |
| Gjöld frá Mílu | 5.044 | 5.043 |
| Samtals áhrif á gjöld | ( 675) | 207 |
| | | |
| Hagnaður fyrir skatta | 461 | 1.269 |
| | | |
| Skattar | ( 97) | ( 259) |
| | | |
| Söluhagnaður | 37.786 | 0 |
| | | |
| Samtals áhrif af Mílu | 38.150 | 1.010 |
| | | |
| Skattaáhrif vegna sölu rekstrar til Mílu | ( 803) | 0 |
| Gangvirðisbreyting seljendaláns vegna sölu Mílu | ( 1.431) | 0 |
| Áhrif Sensa 2021 | 0 | 2.124 |
| Samtals áhrif af aflagðri starfsemi | 35.916 | 3.134 |

| Í árslok 2021 voru eignir og skuldir Mílu ehf. flokkaðar sem eignir og skuldir til sölu og greinast eftirfarandi: | 31.12.2021 |
|---|---|
| Viðskiptavild | 10.927 |
| Óefnislegar eignir | 1.819 |
| Rekstrarfjármunir | 21.336 |
| Langtímakröfur | 85 |
| Birgðir | 513 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 1.345 |
| Handbært fé | 904 |
| Eignir flokkaðar til sölu | 36.929 |
| | |
| Langtímaskuldir | 23.609 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 2.217 |
| Skuldir sem tengjast eignum flokkuðum til sölu | 25.826 |

## 14. Tekjuskattsskuldbinding

| Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt: | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 604 | 670 |
| Eignir til sölu | 0 | 417 |
| Tekjuskattur tímabilsins | 392 | 421 |
| Skattar til greiðslu á næsta ári | ( 511) | ( 879) |
| Leiðrétting frá fyrra ári | 0 | ( 25) |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals | 485 | 604 |

## 15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

| | **30.9.2022** | **31.12.2021** |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 3.017 | 1.463 |
| Áfallinn kostnaður | 1.661 | 678 |
| Ógreiddur sölukostnaður vegna sölu Mílu | 1.036 | 0 |
| Viðskiptaskuldir samtals | 5.714 | 2.141 |

## 16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Áfallinn kostnaður | 434 | 458 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 159 | 152 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 445 | 266 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 13 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.049 | 889 |

## 17. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofnun) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar sem staðfesti niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar og hækkaði sektina aftur í 9 m.kr. Síminn hefur óskað eftir leyfi til að áfrýja málinu til Hæstaréttar sem rétturinn samþykkti 10. október 2022. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða. PFS og Sýn hafa ennfremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 m.kr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður. Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2020 að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga. Síminn höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um ógildingu á þeim hluta úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem laut að meintu broti á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2015. Samkeppniseftirlitið höfðaði einnig mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem gerð er krafa um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála er fól í sér ógildingu hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 og lækkun sektar, verði felldur úr gildi. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 11. október 2022 var að fella ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi og gerði Samkeppniseftirlitinu að endurgreiða Símanum 200 m.kr. auk dráttarvaxta. Ekki hefur verið tekið tillit úrskurðarins í þessu uppgjöri.

## 18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

# Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1 F 2022 | 2 F 2022 | 3 F 2022 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 5.957 | 5.898 | 6.016 | 17.871 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.762) | ( 3.597) | ( 3.681) | ( 11.040) |
| **Framlegð** | 2.195 | 2.301 | 2.335 | 6.831 |
| Aðrar rekstrartekjur | 136 | 138 | 194 | 468 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.757) | ( 1.757) | ( 1.543) | ( 5.057) |
| **Rekstrarhagnaður** | 574 | 682 | 986 | 2.242 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 92 | ( 165) | ( 84) | ( 157) |
| Aflögð starfsemi | 193 | 95 | 35.628 | 35.916 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 859 | 612 | 36.530 | 38.001 |
| Reiknaðir skattar | ( 113) | ( 107) | ( 184) | ( 404) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 746 | 505 | 36.346 | 37.597 |
| | | | | |
| EBITDA | 1.327 | 1.399 | 1.790 | 4.516 |

| | 1 F 2021 | 2 F 2021 | 3 F 2021 | 4 F 2021 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 5.903 | 5.823 | 6.004 | 6.300 | 24.030 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.783) | ( 3.692) | ( 3.766) | ( 4.292) | ( 15.533) |
| **Framlegð** | 2.120 | 2.131 | 2.238 | 2.008 | 8.497 |
| Aðrar rekstrartekjur | 115 | 114 | 120 | 164 | 513 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.731) | ( 1.702) | ( 1.518) | ( 1.799) | ( 6.750) |
| **Rekstrarhagnaður** | 504 | 543 | 840 | 373 | 2.260 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 31) | ( 99) | 29 | ( 13) | ( 114) |
| Aflögð starfsemi | 2.508 | 276 | 350 | 344 | 3.478 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 2.981 | 720 | 1.219 | 704 | 5.624 |
| Reiknaðir skattar | ( 97) | ( 102) | ( 162) | ( 50) | ( 411) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 2.884 | 618 | 1.057 | 654 | 5.213 |
| | | | | | |
| EBITDA | 1.274 | 1.318 | 1.627 | 1.283 | 5.502 |